

í beiðni sinni til sendiráðsins í París, að hann hefði verið fáanlegur til að lækka umsýslulaunin í 3 af hundraði, og í bréfi til stefnda, dags. 8. júní 1949, kveðst hann vera ásáttur um helming umsýslulaunanna. Þar sem ekki er sannað, að samkomulag hafi verið um hæð þóknunar stefnanda, þykir hún eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 2½% af umræddum viðskiptum við firmað Eltis. Er þá meðal annars haft í huga, hversu fyrirgreiðslu stefnanda var háttað, en viðskiptin fóru ekki fram í landi, þar sem stefnandi dvaldist.

Stefndi hefur andmælt því, að umsýslulaunin verði öll reiknuð í dollurum, og verður að fallast á með honum, að þau beri að greiða í sömu mynt og varan var greidd með. Ber stefnanda því samkvæmt framansögðu í þóknun 2½% af £ 5300-0-0 og \$ 7000.00, eða £ 132-10-0 og \$ 175.00. Frá þessu ber að draga fjárhæð þá, er stefnandi hefur reiknað stefnda í umsýslulaun. eru það \$ 197.00, og hefur sú fjárhæð ekki verið vefengd.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda £ 132-10-0 og \$ 175.00, að frádregnum \$ 197.00, með 6% ársvöxtum, er reiknast frá 23. febrúar 1949, en þá virðist kröfubréf stefnanda ritað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 900.00.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari, Árni Árnason kaupmaður og Jóhann Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Þóroddur E. Jónsson, greiði stefnanda, Theódore Klein f. h. Ladislav Sas, £ 132-10-0 og \$ 175.00, að frádregnum \$ 197.00, með 6% ársvöxtum frá 23. febrúar 1949 til greiðsludags og kr. 900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 6/1955. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

Maurice Brackx (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar**.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór voru eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar á varðskipinu hinn 4.

og 5. desember 1954 í sambandi við töku togara ákærða:

1. Kl. 2151 hinn 4. desember 1954 hélt varðskipið í átt til togarans. Var þá Ingólfshöfði í réttvísandi 264° , fjarlægð 3.7 sjómílar. Miðaðist þá togarinn frá varðskipinu í réttvísandi 197° , fjarlægð 2.0 sjómílar.

2. Kl. 2204 sama dag var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við dufl það, er varðskipið setti út við afturenda togarans: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 289° , fjarlægð 3.9 sjómílar eftir ratsjá. Dýpi 58 metrar.

3. Kl. 1005 hinn 5. desember 1954 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við duflið með hornamæli:

Ingólfshöfðaviti	> $52^\circ 00'$
Knappur	> $42^\circ 18'$
Fellsfjall	

Dýpi 58 metrar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt staði þá, sem framangreindar mælingar yfirmanna varðskipsins taka til. Samkvæmt mælingu þeirri, er gerð var kl. 2151 hinn 4. desember, reyndist staður togarans um 1.2 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna, samkvæmt staðarákvörðun, gerðri kl. 2204 sama dag, reyndist staður duflsins um 1.0 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna, og loks reyndist staður duflsins samkvæmt hornamælingum kl. 1005 hinn 5. desember um 1.1 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Maurice Brackx, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars J. Möllers og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. desember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Maurice Brackx, skipstjóra á belgiska togaranum Van Eyck, O 293, frá Ostende, til heimilis í Ostende í Belgíu, samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni samkvæmt 1. gr. reglug. nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum á togara sínum Van Eyck að kveldi dags hinn 4. desember 1954 suðaustur af Ingólfshöfða, 1.0 sjómílu innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. nefndrar reglug. nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnins.

Af hálfu ákærvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði látinn sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglug. nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Maurice Brackx, er fæddur 1. október 1924 í Ostende í Belgíu, og hefur hann ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er hér skal greina:

Laugardagskvöldið 4. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð austan til við Ingólfshöfða, var þá komið auga á togara, sem virtist vera innan fiskveiðitakmarkanna, og var þegar haldið í átt til hans. Kl. 22.04 var gefið stöðvunarmerki og um leið sett út ljósdufl við afturenda nefnds togara, er var að toga með stjórnborðsvörpu úti, var jafnframt gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 289°, fjarlægð 3.9 sjómílu samkvæmt ratsjá. Dýpi 58 m. Reyndist togarinn vera Van Eyck, O 293, og skipstjóri hinn ákærði.

Kl. 22.10 var skotið púðurskoti, og kl. 22.15 byrjaði togarinn að vinda inn vörpu sína. Var bátur settur út af varðskipsins hálfu og skipstjóri togarans sóttur og honum bent á, að hann væri að ólöglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna.

Var ákveðið að biða dagsbirtu til þess að hægt væri að gera hornamælingar með sextöntum, enda var veður ágætt. Vörður var settur

um borð í togarann, en ákærði beið í varðskipinu, og lágu bæði skipin við duflið um nóttina.

Morguninn eftir, kl. 10.05, var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Ingólfshöfðaviti	>	52° 00'
Knappur	>	52° 18'
Fellsfjall		

Dýpi 58 metrar. Er samkvæmt þessu staður skipsins 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Hornamælingarnar voru gerðar með tveim sextöntum samtímis af 1. og 2. stýrimanni varðskipsins undir umsjón skipherrans, og hafa þeir staðfest mælingarnar fyrir dómi.

Ákærði fylgdist sjálfur með athugunum þessum og las á sextantana og fylgdist með útsetningu í sjókortid.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum játað skýrslu varðskipsmanna rétta og viðurkennt, að hann hafi fiskað með botnvörpu á skipi sínu á þeim stað, er varðskipið kom að honum og duflið var sett út. Hann kveður ratsjá skipsins hafa verið í ólagi, og kveðst hann hafa haldið, að hann hefði verið utan fiskveiðitakmarkanna.

Með eigin játningu ákærða svo og skýrslum varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verður að telja það sannað, að ákærði hafi að kvöldi dags 4. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu Van Eyck, O 293, 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglug. nr. 21/1952, og hefur ákærði með þessu framferði sínu brotið gegn 1. gr. nefndrar reglugerðar og ber því að refsa honum samkvæmt 5. gr. hennar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælifréfi skips hins ákærða, sem var til staðar í dóminum, er brúttó rúmlesta stærð skipsins 558.85, og samkvæmt símskeyti frá Landsbanka Íslands, dags. í dag, er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlacrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 75.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Van Eyck, O 293, skal upptækur ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Maurice Brackx, greiði 75.000.00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar,

verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Van Eyck, O 293, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgisjód Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 35/1955. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Kamiel Puystjens (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi voru eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar á varðskipinu hinn 14. janúar 1955 í sambandi við töku togara ákærða:

1. Kl. 0356 miðast Ingólfshöfði, austurbrún, í réttvísandi 343° , fjarlægð 2.6 sjómíllur. Togarinn miðast 67° réttvísandi í 3.7 sjómílna fjarlægð.

2. Kl. 0408 miðast Ingólfshöfði, austurbrún, í réttvísandi 302° , fjarlægð 3.4 sjómíllur. Miðast togarinn þá í réttvísandi 64° , fjarlægð til hans 1.9 sjómíllur. Notað var við mælingarnar ratsjá og gíróáttaviti.

3. Kl. 0845 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við ljósduflið, er varðskipið hafði sett út, eftir að það kom að togaranum:

Ingólfshöfðaviti	>	$40^\circ 12'$
Hofsfall	>	$61^\circ 01'$
Fellsfall		

Dýpi mældist 52 metrar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt staði tog-